

ekki verið hjálpað, þar sem það gat siglt, með fokku og messansegli, enda telur skipstjórinn á v/s. „Bröðrene“ skipið mundi hafa getað náð inn á Þórðarhöfða með þeim seglum, þótt hann kysi heldur að vera dreginn inn á Siglufjörð. Krafa stefnanda verður því eigi til greina tekin að því er snertir björgunarlaun.

Hinsvegar er auðsætt, að stefnanda ber rifleg borgun fyrir aðstoðina og þar sem skip stefnanda var í sildarleit og misti því færís á að veiða síld meðan á aðstoðinni stóð og við þá töf, er af henni stafaði, verður að telja hæfilegt, að stefndur greiði stefnanda 3000 kr. fyrir aðstoðina, en 4% vextir greiðist aðeins af upphæðinni og aðeins frá stefnuðegi, 8. okt. s. l. til greiðsludags, svo greiði og stefndur stefnanda málskostnað, sem álist hæfilegur 80 krónur.

Hinsvegar ber stefnanda eigi sjóveðrjettur í v/s. „Bröðrene“, þar eð eigi er að ræða um björgun þá, er lögin áskilja sjóveðrjett fyrir.

Mánudaginn 30. nóv. 1925.

Nr. 30/1925. **Stígur Guðjónsson** (Bjarni P. Johnson)
gegn

Jakobínu Jakobsdóttur. (Enginn).

Barnsfadernismál. Ómerkingardómur.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðar 29. jan. 1925:
Kærður Stígur Guðjónsson telst faðir að barni kæranda Anton Lindal fæddum 1. sept. 1924, og greiði meðlag með því, svo og barnsfararkostnað að síuum hluta eftir yfirvalds úrskurði samkvæmt gildandi lögum.

Dómur hæstarjettar.

Stefnda hefir ekki mætt í máli þessu, enda þótt henni hafi verið löglega stefnt. Hefir málið því verið rekið skriflega samkv. 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Það er upplýst í prófum málsins, að stefnda hefir um 12 ár samfleytt fram til jóla 1923 búið með nafn-

greindum manni og átt með honum í þeirri sambúð 5 óskilgetin börn og hefir hjeraðsdómarinn engra upplýsinga leitað um það, hvernig sambúð þessari hafi verið háttað tvo síðustu mánuðina eða hvort stefnda hafi haft eða líkur sjeu til að hún hafi haft holdlegar samfarir við þennan sambýlismann sinn mánuðina nóvember og desember 1923, en einhvern tíma á þeim mánuðum verður að telja líklegt að barn það sje getið, sem ræðir um í máli þessu.

Í annan stað hefir áfrýjandi undir prófum málsins nafngreint tvo menn aðra, er hann telur líkur fyrir, að hafi haft samfarir við stefndu á þeim tíma, er barnið gæti verið getið, og hefir hvorugur þessara manna verið kallaður fyrir rjett.

Samkvæmt 12. og 13. gr. í lögum nr. 46, 27. júní 1921 var hjeraðsdómaranum skylt að kalla alla þessa þrjá menn fyrir rjett og fá skýrslu þeirra, sem og útvega aðrar fáanlegar skýrslur um afskifti þeirra af stefndu, á þeim tíma, er hjer getur komið til greina. Og með því nú að þetta hefir eigi verið gjört og þar af leiðandi vantar upplýsingar, er verulega þýðingu geta haft fyrir úrslit málsins, þá þykir ekki fært að leggja að svo stöddu úrslitadóm á málið að efni til. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða lögreglurjettardóm og vísa málinu heim til nýrrar og löglegrí meðferðar.

Málskostnaðar hefir ekki verið krafist og fellur hann því niður.

Það athugast að ritlauna og staðfestingargjalds hefir ranglega verið krafist sbr. 3. gr. laga nr. 2/1894 og 9. gr. laga nr. 27/1921.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og

er málinu vísað heim til nýrrar og löglegrí
meðferðar. — Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 30. nóvember 1925.

Nr. 38/1925.

Ingvar Guðjónsson

gegn

H/f. Hamar.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingvar Guðjónsson, sem ekki mætir
í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef
hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 4. desbr. 1925.

Nr. 42/1925. **Magnús Kristjánsson f. h. Lands-**
verslunar Íslands (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Knud Zimsen f. h. bæjarstjórnar
Reykjavíkur (Guðm. Ólafsson).

Um útsvarsskyldu Landsverslunar; skilning l. 47/1924.

Úrskurður fúgetarjettar Reykjavíkur 30. júní
1925: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina og
lögtaksgjörðin á fram að ganga á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

Dómur hæstarjettar.

Í hæstarjetti hefir áfrýjandi haldið því fram,
að sjer sje óskylt að greiða eftirstöðvar þær, af auka-